1. Sjávarútvegsnefnd
Nefndarsvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík.

Suðureyri 22.-4.-1997.

Alþingi
Erindi nr. Þ 121/1777
komudagur 28.4.'97

Með fylgjandi eru athugasemdir við

„Frumvarp til laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands" sem nú liggur fyrir Alþingi:

Virðingarfyllst.

Sveinbjörn Jónsson
Súgandafirði.

2. Athugasemd við 5. gr. Frumvarpsins.

Með tilliti til þess að Íslendingar hafa undirritað Ríó sáttmálann hlýtur skilningur manna á 1. gr. Frumvarpsins að vera sá að einstaklinga og byggðarlög hafi forgangsrétt til nýtingar nálægra fiskimiða. 5. gr. frumvarpsins virðist því brjóta í bága við 1. gr þar sem sum þeirra hólfa sem opnuð eru togveiðiskipum, allt að 42. gja. metra löngum, liggja mjög nærri byggðarlögum sem byggja mikinn hluta hráefnisöflunar sinnar á útgerð dagróðrabáta og smábáta.

Hvað Vestfirði varðar verður að teljast óeðlilegt að opna hólf til togveiða út af Ísafjarðardjúpi fyrir skip allt að 42. gja metra að lengd, ekki síst vegna þess að umrætt hólf er í seilingarfjarlægð frá frá nokkrum útgerðarstöðum þar sem dagróðraútgerð hefur enn ekki verið útrýmt. Þar að auki mundi nærvera togskipa sem koma á svæðið vegna opna hólfsins, auka álagið á aðra veiðislóð rétt utan 12 mílna, en sú slóð er viðkomandi byggðarlögum mjög mikilvæg.

[signature]

3. Varðandi skilgreininguna 10. gr frumvarpsins á „skaðlegum veiðum".

Það er kaldhæðnislegt að þjóð sem búin er að tapa meira en milljón tonna veiði á 12 árum vegna rangrar nýtingar, eða réttar sagt verndunar, skuli skilgreina skaðlegar veiðar á þann hátt sem gert er í frumvarpinu.

Frá árinu 1985 til ársins 1996 vantar íslenska þorskstofninn 76 milljón nýliða á ári til að jafnast ~~til að jafnast~~ á við framleiðslu hans næstu 12 ár þar á undan. Hefði framleiðsla stofnsins verið þessum 76 milljón nýliðum meiri árlega hefði það staðið undir 100 þús. tonna meiri veiði árlega, eða sem svarar til 1.2 millj tonna á tímabilinu.

Ástæða þessara hrakfara er fyrst og fremst sú að stjórnvöld reyndu að viðhalda sóknarmunstri eftir að stofninn var orðinn gjörbreyttur vegna ofveiði. Verndun smáfiskjar leiddi til ofsóknar í stórfisk þrátt fyrir mikinn aflasamdrátt. Það má því segja að með smáfiskavernd hafi tekist að minnka framleiðslugetu stofnsins um þessar 76. millj nýliða árlega enda er það nær eingöngu → smá

eldri árgangar stofnsins sem standa undir framleiðslu hans á mýlsiðunum og tiltölulega stórir ungfiska árgangar hafa meira að segja neikvæð áhrif á útkomu eftirkomandi mýlsiðana.

Skilgreining á því hvað eru skaðlegar veiðar hlýtur því að fara eftir því hvernig stofnformið er hverju sinni. þ.e. stundum þarf að vernda stórfisk á kostnað smáfiskjar og hugsanlega þarf einhvern tíma að vernda smáfisk þegar hrygningarstofninn hefur náð nægjanlegri stærð.

Ég leyfi mér að láta fylgja hér með mýlsiðaspá byggða á stofnforminu, fjölsemi og annibalisma, og hvernig ég tel að þessir hlutir tvinnist saman. Spáin nær frá 1985 þar sem ekki eru fyrirliggjandi gögn um vísitölur eins og tveggja ára, lengra aftur. Jafnframt læt ég fylgja myndir sem skýra lauslega þá staðfræði sem liggur að baki módelinu.

Það er von mín að þessi gögn nægi til að auka skilning manna á því hvernig þorskstofninn okkar viðheldur sér og á hvern hátt ber að umgangast hann til að tryggja sem bestan afrakstur.

Virðingarfyllst. Sveinbjörn Jónsson

eldri árgangar stofnsins sem standa undir framleiðslu hans á miðunum og tiltölulega stórir ungfiska árgangar hafa meira að segja neikvæð áhrif á útkomu eftirkomandi miðaðana.

Skilgreining á því hvað eru skaðlegar veiðar hlýtur því að fara eftir því hvernig stofnformið er hverju sinni. þ.e. stundum þarf að vernda stórfisk á kostnað smáfiskjar og hugsanlega þarf einhverntíma að vernda smáfisk þegar hrygningarstofninn hefur náð magnanlegri stærð.

Ég leifi mér að láta fylgja hér með miðlaspá byggða á stofnforminu, frjóseminni og annibalismanum, og hvernig ég tel að þessir hlutir tvinnist saman. Spáin nær frá 1985 þar sem ekki eru fyrirliggjandi gögn um vísitölur eins og tveggja ára, lengra aftur. Jafnframt læt ég fylgja myndir sem skíra lauslega þá starfsþætti sem liggur að baki módelinu.

Það er von mín að þessi gögn megi til að auka skilning manna á því hvernig þorskstofninn okkar viðheldur sér og á hvern hátt ber að umgangast hann til að byggja sem bestan afrakstur.

Virðingarfyllst. Sveinbjörn Jónsson

| | '85 | '86 | '87 | '88 | '89 | '90 | '91 | '92 | '93 | '94 | '95 | '96 | ('97 | '98)* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | M | N | O | P | Q | R | S | T | U | V | W | X | Y | Z |
| 45 | 200977004.0 | 99722859.85 | 113849893.7 | 128085760.7 | 127041548.9 | 167434949.5 | 72012461.57 | 114499157.1 | 214191811.5 | 54177699.2 | 121844659.8 | 93524777.02 | 201920292.8 | 206967821.4 |




| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 85 | 169000000 | 82000000 | 130000000 | 103000000 | 180000000 | 182000000 | 60000000 | 115000000 | 195000000 | 85000000 | 150000000 | | | |

* Stofnstærð áætluð.

Spá Hafró fyrir 1996 hefur ekki enn verið gefin út en forritið reiknar hana minni en nýliðun 1995 þrátt fyrir aukna hrygningu.

Verði stofnstærðinni ekki raskað með óskynsamlegu veiðimunstri, gefur forritið von um þokkalega góða nýliðun árin '97 og '98.

Árangurinn '97 mun þó hafa óhag áhrif á útkomuna '98

Nýliðunarforritið á að sýna fjöldann eins og hann verður þegar eftirlifandi úr viðkomandi klaki ná þriggja ára aldri.
t.d. '98 → 2001.

Í forritinu er notast við stofnstærð hrygningarárs, betra væri að skilgreina ávinahóp seyða í gegn um vaxtarferil þriggja ára miðað við hentuga stærð bráðar og ránfisks.

Ath.!! Þorskstofninn sjálfur er lang áhrifaríkasti þátturinn sem ákvarðar afdrif seiða frá klaki til þriggja ára aldurs.

Maðurinn hefur ~~því lítil áhrif nema~~ helst þau áhrif að veiði hans á eldri tíð.

# Støddfrøðilig grundmynd.



þrátt fyrir að stærðir sem notaðar eru í módelin um afföll hrogna og seiða og margfeldisstuðullinn geti verið kolrangar þarf það ekki að koma í veg fyrir að útkoma mælitunnar sé þokkalega rétt. t.d. $\frac{\text{Of stórt}}{\text{of stórt}}$ = ~~kannski~~ nokkuð rétt.

Líklega er hægt að láta tölvu leita að réttum talnagildum og hugsanlega myndi það auka skilning okkar mikið á líffræðilegu eðli stofnsins.

Þær líffræðilegu grundvallarhugmyndir sem liggja að baki viðkomandi skilningi hafa verið birtar opinberlega á undanförnum árum og ekki verið mótmælt, hvorki af leikmönnum né vísindamönnum. Ég verð því að álykta sem svo að þau vísindi sem fiskveiðiráðgjöf byggist á á Íslandi og víðar séu að mörgu leiti úrelt. Alþingismenn ættu sjálfir að mynda sér sjálfstæðar skoðanir ef þeir á annað borð fjalla um þessi mál og er ég fyrir mitt leiti tilbúinn að svara þeim spurningum sem ég tel mig geta, öllum nema þeirri sem algengast er að ég sé spurður, en hún er þessi: Hvað segja sérfræðingarnir???

þrátt fyrir að stærðir sem notaðar eru í módelinu um afföll hrogna og seiða og margfeldisstuðullinn geti verið kolrangar þarf það ekki að koma í veg fyrir að útkoma niðurstöðunnar sé þokkalega rétt, t.d. $\frac{\text{Of stórt}}{\text{Of stórt}}$ = ~~kannski~~ nokkuð rétt.

Líklega er hægt að láta tölurnar leita að réttum takmörkunum og hugsanlega myndi það auka skilning okkar mikið á líffræðilegu eðli stofnsins.

Hvor líffræðilegu grunnhugmyndir sem liggja að baki viðkomandi skilningi hafa verið birtar opinberlega á undanförnum árum og ekki verið mótmælt, hvorki af leikmönnum né vísindamönnum,

Ég verð því að álykta sem svo að þau vísindi sem fiskveiðiráðgjöf byggist á á Íslandi og víðar séu að mörgu leiti úrelt. Alþingismenn ættu sjálfir að mynda sér sjálfstæðar skoðanir ef þeir á annað borð fjalla um þessi mál og er ég fyrir mitt leiti tilbúinn að svara þeim spurningum sem ég tel mig geta, öllum nema þeirri sem algengast er að ég sé spurður, en hún er þessi: Hvað segja sérfræðingarnir ???